

Auglýsing um friðlýsingu Ástjarnar við Hafnarfjörð

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur [Umhverfisstofnun] fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Ástjörn við Hafnarfjörð ásamt næsta nágrenni og er svæðið friðland.

Mörk hins friðlýsta svæðis eru þessi:

Staður nálægt norðvesturenda Ástjarnar, neðan túnsins í Stekk, hnit ca. $x=23.731$, $y=7.739$, þaðan til suðausturs nálægt 27 m hæðarlínu inn á túnið í Ási að (2), hnit ca. $x=23.170$, $y=7.554$, áfram til suðurs í (3), sem er við vesturrætur Ásfjalls, hnit ca. $x=23.072$, $y=7.360$, síðan til suðvesturs í (4) hnit ca. $x=23.168$, $y=7.254$ og áfram að (5) í norðurhlíð Grísaness, hnit ca. $x=23.300$, $y=7.200$ þá til (6) hnit ca. $x=23.500$, $y=7.200$. Þaðan út í hraunið vestan Ástjarnar að (7), hnit ca. $x=23.881$, $y=7.142$, og áfram eftir hrauninu til norðurs að upphafspunkti (1).

Hnit þessi eru í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask allt er bannað án leyfis [Umhverfisstofnunar].
2. Óheimilt er að breyta náttúrulegu vatnsborði Ástjarnar, svo og að losa á vatnasviði hennar efni sem skaðað geta gróður eða dýralíf á svæðinu.
3. Gangandi fólki er heimil för um svæðið. Á varptíma (1. maí - 15. júlí) er umferð um svæðið óheimil.
4. Öllum er skylt að ganga vel og hreinlega um friðlandið.
5. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf, skaða varp og fara um friðlandið með skotvopn.

[Umhverfisstofnun] getur falið náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneyti, 12. apríl 1978.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.